

Bú	Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fj.lif.lömb	Fj.slátur-lömb	Fallþ.eink.	Kjötm.eink.	Einkunn líflömb	Afkr.heildar-einkunn	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómvöðvi	Ómfita	Læri	Aldur
Innri-Múli	Þór	19-307	Spakur	16-302	10	17	105,7	138	150,7	131,5	18,6	12,6	6,6	29,5	3,6	17,9	142,7
Hvammur, Lóni	Glaður	23-490	Galli	20-875	16	22	98,6	130,3	160,8	129,9	16	10	5,5	31,3	2,7	17,7	163,1
Heydalsá (Ragnar)	Séra Bjöss	23-108	Glæsir	19-887	11	20	100,8	155,3	126,2	127,4	19,1	13,4	6,2	30,5	2,8	18,1	142,3
Ytri-Skógar	Faldur	23-747	Angi	22-717	15	14	100,1	134	147,8	127,3	18,7	12,5	5,6	32,7	2,3	18	140,9
Sandfellshagi 1	Örn	20-761	Fálki	17-821	12	52	106,7	147,5	124,3	126,2	17,4	11,4	6,3	30,6	2,3	17,8	143,8
Bálkastaðir	Svali	23-076	Valur	21-073	10	32	95,2	140,2	138,8	124,8	17,2	11,4	6,6	32,4	3,4	18,1	137,7
Lindarbrekka	Óskasteinn	23-118	Óskar	21-135	14	40	109,2	127,6	135,4	124	17,9	10,3	6	31,6	1,9	17,6	141,6

Tafla 1: Hrútar með 124 eða meira í heildareinkunn.

Bú	Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþ.eink.	Kjötm.eink.	Einkunn líflömb	Afkr.heildar-einkunn	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómvöðvi	Ómfita	Læri	Aldur	Fjöldi slátur-lamba
Heydalsá 1	Séra Bjöss	23-108	Glæsir	19-887	101	155,3	126	127	19,1	13,4	6,2	30,5	2,8	18,1	142	20
Lindarbrekka	Uggur	23-115	Óttar	21-350	96	149,0	119	121	16,8	10,7	5,6	31,2	2,3	17,6	137	32
Sandfellshagi 1	Örn	20-761	Fálki	17-821	107	147,5	124	126	17,4	11,4	6,3	30,6	2,3	17,8	144	52
Rauðholt	Stallur	22-522	Lómur	18-447	98	143,4	108	116	17,4	10,5	6,2	32,4	2,5	17,6	146	80
Litlu-Reykir	Staffli	23-025	Bogi	21-909	100	142,3	107	117	16,2	12,8	6,7	32,0	2,8	17,7	145	20
Bálkastaðir	Svali	23-076	Valur	21-073	95	140,2	139	125	17,2	11,4	6,6	32,4	3,4	18,1	138	32
Ytri-Skógar	Garpur	23-746	Kraftur	19-883	102	139,5	98	113	18,9	12,9	6,2	30,3	2,6	17,6	139	19
Teigur 1, Fljótshlíð	Ári	21-390	Draugur	18-390	105	138,5	114	119	20,5	12,7	7,0	33,4	2,4	18,5	152	120
Innri-Múli	Þór	19-307	Spakur	16-302	106	138,0	151	132	18,6	12,6	6,6	29,5	3,6	17,9	143	17
Heydalsá 1	Agnarr	23-106	Hornsteinn	22-901	86	137,6	100	108	17,7	12,4	6,3	29,8	3,4	17,9	136	32
Miðdalsgröf	Geisli	23-343	Gullmoli	22-902	106	137,6	111	118	19,0	13,4	7,9	30,4	3,1	18,0	140	43
Litlu-Reykir	Strigi	23-024	Lokkur	22-007	97	136,1	101	111	15,9	11,5	5,8	30,9	2,3	17,5	148	26
Ytri-Skógar	Faldur	23-747	Angi	22-717	100	134,0	148	127	18,7	12,5	5,6	32,7	2,3	18,0	141	14

Tafla 2: Hrútar með 134 eða meira í kjötmatseinkunn.

Bú	Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþ.eink.	Kjötm.eink.	Einkunn líflömb	Afkr.heildar-einkunn	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómvöðvi	Ómfita	Læri	Aldur	Fjöldi slátur-lamba
Innri-Múli	Fálki	22-302	Örn	18-124	121	99	112	111	19,5	11,4	7,4	27,4	3,6	17,5	141	50
Brúnast., Fljótum	Jökulskalli	23-030	Jökulhattur	22-022	118	83	78	93	17,3	8,9	6,9	27,0	2,2	17,2	144	17
Reykir 2, Hrutafirði	Þór	23-032		18-331	118	125	112	118	20,6	12,2	6,5	29,8	3,7	17,7	138	39
Skörð		23-054		21-052	116	99	103	106	18,0	9,6	6,2	32,4	3,0	17,3	143	27
Sveinungsvík	Fleygur	22-201	Fálki	17-821	116	100	129	115	19,2	11,0	7,8	35,5	2,8	17,8	136	44
Reykir, A-Hún	Demantur	23-666	Gimsteinn	21-899	115	91	72	93	16,8	8,9	5,9	27,1	2,8	17,0	141	38
Hlíð, HörðudaL	Sigurviss	20-054	Drjúgur	17-808	115	87	92	98	17,6	10,3	7,1	30,0	3,7	17,5	138	87
Skálholtsvík 1	Jesú	23-073	Grettir	20-877	115	103	87	102	18,3	10,8	6,6	29,3	3,2	17,4	142	24

Tafla 3: Hrútar með 115 eða meira í fallþungaeinkunn.

Afkvæmarannsóknir hjá bændum 2024

Haustið 2024 voru greiddir út styrkir vegna 65 afkvæmarannsókna hjá bændum sem töldust styrkhæfar. Í heild voru afkvæmahóparnir 601 og þar af eiga veturgamlir hrútar 422 afkvæmahópa.



Árni Brynjar Bragason.

Umfangið er nokkuð minna en haustið 2023 en þá voru búin 71 og afkvæmahóparnir 720. Afkvæmahópunum hefur því fækkað tiltölulega meira en búunum. Nú eru 70% hrútanna í afkvæmarannsóknunum veturgamlir en haustið 2023 var hlutfall veturgamalla hrúta 59%. Innleiðing á verndandi og mögulega verndandi riðuarfgerðum leiðir til þess að notkun á veturgömlum hrútum hefur aukist og færri eldri hrútar í notkun. Jafnframt má búast við að sá þröskuldurinn sé orðinn hærri sem veturgamlir hrútar þurfa að komast yfir til að fá áframhaldandi notkun. Samantekt yfir niðurstöður styrkhæfra afkvæmarannsókna sem framkvæmdar voru af bændum veturinn 2023 til 2024 er að finna á heimasíðu RML undir liðnum Forrit og skýrsluhald – Niðurstöður 2024. Lengri listar yfir hrúta sem skara fram úr verða jafnframt birtir í frétt á heimasíðunni.

Hrútar sem sýna mesta yfirburði í heildareinkunn

Þór 19-307 í Innri-Múla á Barðaströnd stendur hér efstur fjórða haustið í röð. Hann hefur verið einn besti hrúturinn á sínu heimabúi undanfarin ár en samt með mjög



Garpur 23-746 frá Ytri-Skógum, síðar stöðvahrútur númer 23-936. Hann varð því miður bráðkvaddur á dögunum en bót í máli er að enginn stöðvahrútur er með fleiri skráðar sæðingar eftir síðasta fengitíma, eða 1.373 sæðingar.
Mynd / Birna Sigurðardóttir

öfluga keppinauta. Þór er sonur Spaks 16-302 sem stóð á toppnum á búinu í afkvæmarannsóknum 2017-2019 og sýndi jafnan mikla yfirburði. Þór hefur reynst frábær lambafaðir en þetta var hans síðasti lambahópur. Í öðru sæti er veturgamall hrútur, Glaður 23-490 frá Hvammi í Lóni. Glaður er sonur Galla 20-875 frá Hesti. Glaður sýnir mikla yfirburði á sínu heimabúi bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutunum. Móðir Glaðs er dóttir Kögguls 17-810 frá Hesti þannig að það er nokkuð þykkt Hestblóð í þessum hrút. Í þriðja sæti er annar veturgamall hrútur og heitir sá Séra Bjöss 23-108. Hann er frá Ragnari og Sigríði á Heydalsá en sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík. Sláturlömb undan Séra Bjössa flokkast framúrskarandi vel og eins kemur hann sterkur út úr mati á lifandi lömbum. Sá fjórði í röðinni er nú orðinn stöðvahrútur, Faldur 23-937

frá Ytri-Skógum og þarf ekki að hafa mörg orð hér um þann glæsilega og eftirsóttu kynbótahrút (sjá töflu 1).

Hrútar sem sýna mesta yfirburði í kjötmatseinkunn

Þegar raðað er eftir kjötmatseinkunn stendur Séra Bjöss 23-108 sem fyrr er getið efstur. Annar í röðinni er Uggur 23-115 frá Lindarbrekku í Berufirði. Uggur er hyrndur og kemur raunar frá sama búi og Séra Bjöss því hann var keyptur sem lamb frá Ragnari og Sigríði á Heydalsá 1. Sá þriðji er eldri kappi Örn 20-761 sem var nú afkvæmaprófaður í Sandfellshaga 1 en er frá Klifshaga 2. Þar hafði hann áður reynst mjög vel sem lambafaðir og komið við sögu í afkvæmarannsóknum. Þessi hrútur er sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum en út af hyrndu fé í móðurætt (sjá töflu 2).

Hrútur Hyrndir	Fjöldi sona	Hrútur Kollóttir	Fjöldi sona
Hornsteinn 22-901	23	Gimsteinn 21-899	39
Hnaus 20-890	16	Gullmoli 22-902	17
Alli 19-885	15	Glæsir 19-887	8
Grettir 20-877	13	Móri 19-888	8
Galli 20-875	10		
Fróði 18-880	10		

Tafla 4: Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknum 2023.

Hrútar sem sýna mesta yfirburði í fallþungaeinkunn

Hrútar sem skila miklum yfirburðum í fallþunga eru allrar athygli verðir á hverju búi því viðbótarkíló skilar fleiri krónum í budduna en svolítið hærri gerð. Verðmæstastir eru að sjálfsögðu gripir sem ná frábærum árangri í öllum þremur þáttunum sem heildareinkunn er reiknuð út frá. Fálki 22-302 frá Innri-Múla á Barðaströnd nær hæstri fallþungaeinkunn að þessu sinni. Hann er aðkeyptur frá Miðdalsgröf, sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum (sjá töflu 3).

Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknum 2024

Í töflu fjögur má sjá þá stöðvahrúta sem áttu flesta syni sem tóku þátt í afkvæmarannsóknum á síðasta ári. Þarna er ánægjulegt að sjá að Þernuneshrúturnir þrír, sem eru frumkvöðlarnir í að koma riðuþolna geninu R171 í fjárstofn landsmanna, eiga flesta syni. Af þeim á Gimsteinn 21-899 langflesta syni, eða 39. Hvergi stendur þó sonur Gimsteins efstur í afkvæmarannsókn en allmargir standa sig þó vel í samanburði við aðra hrúta á sínu heimabúi. Bestu kostir Gimsteins liggja væntalega í dætrum hans sem virðast ætla að reynast bæði frjósamar og mjólkurlagnar. Hornsteinn 22-901, sonur Gimsteins, á 23 syni. Þar sem hann er sívalhyrndur hefur hann talsvert verið notaður á hyrndar ær. Hornsteinn virðist ætla að reynast föðurbetrungur sem lambafaðir. Í stórrí rannsókn á Mýrum í Hrutafirði er sonur Hornsteins efstur í heildareinkunn og í nokkrum öðrum rannsóknum má sjá þá raða sér ofarlega. Gullmoli 22-902 frá

Þernunesi á 17 syni og þar má sjá marga spennandi lambafeður. Í Miðdalsgröf við Steingrímsfjörð, Hólabæ í Langadal og á Brúnastöðum í Fljótum er það sonur Gullmola sem stendur efstur í heildareinkunn. Á nokkrum öðrum bæjum má sjá Gullmolasygina í fremstu röð á sínum heimabúum. Gullmoli fékk verðlaun sem besti lambafaðir stöðvanna árið 2023 og ánægjulegt að sjá að margir sona hans virðast skila kostum hans vel áfram sem lambafeður. Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 á 16 syni í afkvæmarannsóknum þessa árs, Alli 19-885 frá Snartarstöðum á 15 syni og Grettir 20-877 frá Ytri-Skógum 13 syni. Synir Grettis standa efstir í þremur rannsóknum, synir Hnauss í tveimur rannsóknum en synir Alla skipa hvergi toppsætið í heildareinkunn (sjá töflu 4).

Afkvæmarannsóknir hjá bændum hafa gegnt mikilvægu hlutverki í ræktunarstarfinu í sauðfjárrækt um árabil. Margoft hafa niðurstöður úr einstökum rannsóknum beint kastljósinu að efnilegum hrútum sem síðar hafa endað sem stöðvahrútar. Riðuarfgerð lamba mun væntanlega ráða mestu við ásetningsval á mörgum búum á allra næstu árum. Þá hafa bændur verið hvattir til að skipta hrútum ört út, sérstaklega þar sem keyra á hratt á innleiðingu verndandi riðuarfgerðar, til þess að forðast of mikla aukningu á skyldleikarækt. Því er enn mikilvægara en áður að vanda valið á þeim hrútum sem fá áframhaldandi notkun og eru vel skipulagðar afkvæmarannsóknir ein besta leiðin til að velja af kostgæfni hvaða hrútar ættu að fá áframhaldandi notkun.

Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði.